

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

45.fundur verkefnahóps BsVest haldinn 8. desember 2014 kl:10:00, símafundur.

Fundarsíminn er 7557755, 0812014.

Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir formaður, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Margrét Geirsdóttir og María Játvarðardóttir. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, fundagerð ritaði Sif Huld Albertsdóttir formaður.

Dagskrá:

1. Styrkumsóknir vegna styrks til náms, verkfæra eða tækjakaupa fatlaðs fólks.
Formaður kynnti að auglýsing hefði verið birt á heimasíðu Fjórðungssambandsins þann 16 október og í kjölfarið í héraðsmiðlum einnig kynnt öllum félagsþjónustusvæðum.
Farið var yfir allar umsóknir sem bárust BsVest vegna styrk til náms, verkfæra og tækjakostnaðar. Alls voru 11 umsóknir frá einstaklingum, heildarupphæðin var kr. 160.458,-. Þann 22. Apríl 2014 var ein umsókn samþykkt að upphæð kr. 48.743,-. Samtals eru styrkumsóknir fyrir árið 2014 kr. 209.201,-.
Allar umsóknir voru samþykktar. Umsóknargögn varðveitt í trúnaðarbók.
Formanni falið að rita bréf til umsækjenda og undirbúa útborgun styrkja í framhaldi af afgreiðslu stjórnar.
2. Fjárhagsáætlun 2015.
Formaður tilkynnti að nú liggja allar áætlanir sveitarfélaga sem viðkoma BsVest fyrir og formaður sér fram á mikla hækkun í áætlunum sveitarfélagana, framlög jöfnunarsjóðs sem tilkynnt voru þann 30 október s.l. eru 344 millj.kr. en áætlun BsVest er 404 millj.kr. Formaður kynnti tillögu sína fyrir fundinum.

Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar.

		Áætlun félagsþ.s.		Tillaga
Samtals:		325.143.561 kr.	80,5%	276.931.976 kr.
Umsýslukostnaður	3,0%	9.754.307 kr.		8.307.959 kr.
Samtals m. ums.k.		334.897.868 kr.	82,9%	285.239.936 kr.

Félagsþjónusta Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps.

		Áætlun félagsþ.s.		Tillaga
Samtals:		41.052.000 kr.	10,2%	34.964.898 kr.
Umsýslukostnaður	3,0%	1.231.560 kr.		1.048.947 kr.
Samtals m. ums.k		42.283.560 kr.	10,5%	36.013.845 kr.

Félagsþjónustan við Djúp.

		Áætlun félagsþ.s.		Tillaga
Samtals:		5.810.684 kr.	1,4%	4.949.088 kr.
Umsýslukostnaður	3,0%	174.321 kr.		148.473 kr.
Samtals m. ums.k		5.985.004 kr.	1,5%	5.097.561 kr.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Félagshjónustan Vestur Barðastrandasýslu.

		<i>Áætlun félagsþ.s.</i>		<i>Tillaga</i>
Samtals:		3.788.792 kr.	0,9%	3.226.998 kr.
Umsýslukostnaður	3,0%	113.664 kr.		96.810 kr.
Samtals m. ums.k.		3.902.456 kr.	1,0%	3.323.808 kr.

Skrifstofa BsVest og Vesturafl.

		<i>Áætlun félagsþ.s.</i>		<i>Tillaga</i>
Samtals		11.028.082 kr.	2,7%	9.392.862 kr.
<i>Vesturafl</i>		5.800.000 kr.	1,4%	5.800.000 kr.

Verkefnahópur leggur til við stjórn að tillaga verkefnahóps verði samþykkt, en felur verkefnastjóra og framkvæmdastjóra að vinna við að fá aukin framlög vegna mismunar á framlagi jöfnunarsjóðs og raunáætlun BsVest.

Fundi slitið 11:00

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest